



# Fjölbrautaskóli Suðurnesja

Keflavík  
Sími 92-3100

Keflavík 10. mars 1986.

106. fundur

skólanefndar Fjölbrautaskóla Suðurnesja var haldinn í bóknáms-  
húsi við Sunnubraut þann 3. mars 1986.

Mættir voru: Gunnar Sveinsson; formaður skólanefndar, Hjálmar  
Árnason; skólameistari, Valtýr Guðjónsson; gjaldkeri F.S., Bogi  
Hallgrímsson, Halldór Guðmundsson, Ingimundur Þ. Guðnason, Eggert  
Ólafsson, Þórður Ólafsson, Kristinn Kristjánsson; fulltrúi  
kennara. Hafliði Sævarsson; fulltrúi nemenda; og Helga  
Loftsdóttir, ritari.

Formaður sagði fund settan kl. 17:00.

## 1. Fjármálastaðan:

Formaður gaf Valtý Guðjónssyni, gjaldkera, orðið eftir að  
efnahags- og rekstrarreikningi F.S. yfir árið 1986 hafði verið  
dreift. Sagði Valtýr sama form vera á þessu og undanfarin 4-5  
ár. Rakti hann síðan helstu reikninga í grófum dráttum.  
Sagði hann rekstraráætlun hafa stöðist vel og tók sérstaklega  
fram að rekstur F.S. hefði verið framlágur ef sveitarfélögin  
hefðu ekki staðið eins vel í skilum og þau gerðu. Þakkaði  
skólanefnd Valtý hans störf.

Tók skólameistari næstur til máls og sagði hann stöðu F.S.  
efnahagslega mjög alvarlega. Fram kom að reikn. ríkissjóðs á  
skólann hljóðaði upp á 2,5 millj. kr., hins vegar eigi F.S.  
inni hjá ríkinu 3,6 millj. kr. vegna fjárfestinga. Í raun  
eigi F.S. því 1,1 millj. kr. inni hjá ríkinu. Sagði skóla-  
meistari hins vegar að fram hefði komið að greiðsluáætlun  
ríkisins hefði reynst kolröng og hefði því verið mótmælt  
við starfsmenn menntamálaráðuneytisins. Á vegum þeirra færi  
nú fram endurskóðun greiðsluáætlunar. Þá hefði fjármála-  
ráðherra skipað nefnd til að lagfæra skekkjur á fjárlögum og  
væðingum F.S. um lagfæringar í fjármálum í höndum nefndar-  
innar. Sagði skólameistari þess vegna að þó að útlitið væri  
afar dökkt í augnablikinu þá vonaðist hann til að úr rættist

áður en langt um liði. Bætti hann því við að innkaup við F.S. væru stöðvuð í bili, eða þar til úr rættist.

## 2. Bréf frá stjórn S.S.S.

Formaður las bréf frá stjórn S.S.S. Þar kemur fram að stjórnin leggur til að skólanefnd bjóði fulltrúum allra sveitarfélaga á Suðurnesjum til sameiginlegs fundar um húsnæðisvanda F.S. Þá upplýsti formaður að bæjarstjórn Keflavíkur hefði ekki tekið afstöðu til erindis skólameistara um lausn á byggingarmálum.

Halldór Guðmundsson upplýsti að bæjarstjórn Njarðvíkur hefði áætlað á fjárlögum upphæð er næmi hlut Njarðvíkur í einnar milljón króna hönnunarkostnaði og hefði tekið jákvætt í hugmyndir skólameistara. Ingimundur Þ. Guðnason sagði sveitarstjórn Gerðahrepps einnig hafa tekið undir þær hugmyndir.

Skólameistari kvaðst hafa sent öllum sveitarstjórnnum bréf þar sem reifaðir voru möguleikar varðandi úrbætur í húsnæðismálum. Þar hefði m.a. verið svarað spurningum Gerðahrepps um málið. Þá sagðist skólameistari hafa óskað eftir heimild sveitarfélaga til að kanna möguleika á skuldabréfaútbóði vegna byggingarmála F.S.

Eftir nokkrar umræður var formanni og skólameistara falið að boða til fundar með fulltrúum allra sveitarfélaga á Suðurnesjum um málið í samráði við framkvæmdastjóra S.S.S.

## 3. Önnur mál:

a) Skólameistari sagði starfsdaga hafa lokið í síðustu viku. Þeir hefðu verið með svipuðum hætti og fyrr, sjálfir starfsdagarnir í þrjá daga og útivistardagar fimmtudag og föstudag. Fóru starfsdagar mjög vel fram og hafði Helgi Eiríksson, kennari, umsjón með þeim. Það eina sem varpaði skugga á starfsdagana var, að ekki var hægt að reka útvarp eins og áætlað var, vegna þess að enginn sendir fékkst.

b) Skólameistari upplýsti að hann hefði farið ásamt Hjálmari Diegó, deildarstjóra flugliðabrautar, til Kaupmannahafnar að kanna hvort flugliðabrautin þyrfti á endurskipulagningu að halda eftir átta ár. Sagði skólameistari að skemmst væri frá því að segja að flugskólinn í Danmörku væri með sama skipulag og F.S. var með fyrir átta árum, fengu þeir því vissu fyrir því að flugliðabrautin í F.S. væri í góðu horfi.

c) Skólameistari sagði að Sigurður Erlendsson, kennari, hefði varpað fram þeirri hugmynd að nýta verknámsaðstöðu F.S. fyrir einstaklinga sem eru þroskaheftir eða fatlaðir, og opna þeim leið út á vinnumarkaðinn með námsskeiðshaldi. Ennfremur hafði komið sú hugmynd að bjóða öldruðum námsskeið á þessu sviði.

Þótti skólanefnd þetta athyglisverð hugmynd og samþykkti að skóða þetta nánar þegar málin skýrast.

d) Skólameistari upplýsti að leiðinlegur atburður hefði átt sér stað innan F.S. Nýrri Commandor PC 10 tölvu var stolið ásamt öskju með u.p.b. 80 diskettum, sem nemendur í TÖL 103 áttu. Hafði þar með horfið tveggja mánaða vinna nemenda.

Í framhaldi af stuldinum voru nem. kallaðir á "sal" og hvattir til að hafa augu og eyru opin til að upplýsa stuldinn.

e) Sagði skólameistari að Íslenskir aðalverktakar hefðu gefið F.S. beygjuvél, sem komið var fyrir í málmiðnaðardeild. Einnig gaf Víkurhugbúnaður h/f F.S. bókhaldshugbúnað að andvirði 15.000 kr. Þakkaði skólanefnd gefendum kærlega fyrir gjafirnar.


#### 4. Staða skólameistara:

Er þetta mál var tekið fyrir vék Hjálmar Arnason, settur skólameistari af fundi.

Gunnar Sveinsson, formaður, sagði Hjálmar hafa staðið sig mjög vel þann tíma sem hann hefði gegnt starfi skólameistara. Lagði hann því til að skólanefnd óskaði eftir því við menntamála-ráðuneytið að Hjálmar yrði skipaður skólameistari frá og með 1. júní 1986., en þá rennur út ráðningartími hans. Var þetta borið undir atkvæði og samþykkt samhljóða.

Fleira ekki gert.

Þakkaði formaður mönnum fundarsetu og sleit fundi kl. 18:30.



Gunnar Sveinsson,  
formaður skólanefndar.



Helga Loftsdóttir,  
ritari.